

Nefndasvið Alþingis

Egilsstöðum, 14. 02. 2018

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgararétt). 35. mál.

Skógræktin tekur árlega á móti starfsmönnum frá ýmsum löndum og segja má að þeir séu starfsmenn ríkisins á meðan á dvöl þeirra stendur. Þeir eru a.m.k. á „gráu svæði“ gagnvart núgildandi lögum. Flestir eru frá EES löndum en það kemur fyrir að fólk með ríkisborgararétt utan þeirra komi til vinnu hjá Skógræktinni.

Hjá Skógræktinni eru nú fastráðnir fimm erlendir ríkisborgarar, allir frá EES löndum. Einn þeirra er breiti og gæti því orðið ólöglegur miðað við núgildandi lög, eftir því hvernig fer í tengslum við „brexit“.

Ákvæðið um að ríkisstarfsmenn skuli vera íslenskir ríkisborgarar gerir ríkið að annars flokks vinnuveitanda með því að útiloka að hægt verði að ráða hæft starfsfólk sem af tilviljun er frá einhverju tilteknu landi en ekki öðru.

Skógræktin mælir eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Viðingarfyllst



Þróstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri